

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 53

við Stjórnartíðindi EB

1. árgangur

29.12.1994

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

94/EES/53/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn.....01
	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB frá 26. júlí 1994 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE.....02
94/EES/53/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) við EES-samninginn.....12
	Ályktun ráðsins frá 27. júní 1994 um stefnumótun bandalagsins varðandi stafrænar sjónvarpssendingar.....13
94/EES/53/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.....15
	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. júní 1994 um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/44/EBE16
94/EES/53/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.....18
	Ályktun ráðsins frá 7. febrúar 1994 um altækar meginreglur varðandi þjónustu á fjarskiptasviðinu.....19
	Ályktun ráðsins frá 7. febrúar 1994 um þróun pósthjónustu bandalagsins.....22
	Ályktun ráðsins frá 20. júní 1994 um að samræma upplýsingaskipti milli stjórnsýslustofnana.....24

94/EES/53/05

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 26

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB frá 8. júní 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/143/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna sem eru tengdir við þau, með það í huga að setja lágmarksstaðla um prófun á hemlakerfum ökutækis..... 27

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar **94/EES/53/01**
nr. 25/94
frá 2. desember 1994
um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB frá 26. júlí 1994 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

- Eftirfarandi bætist við lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„eins og henni var breytt með:

- **394 L 0038:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB frá 26. júlí 1994 um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE (Stjtið. EB nr. L 217, 23. 8. 1994, bls. 8).“

- Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarlið b):

„c) Viðbæturnar við viðauka C sem taldar eru upp í aðlögunarlið b) skulu felldar við skrána í II. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB.“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/38/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 217, 23. 8. 1994, bls. 8.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/38/EB

frá 26. júlí 1994

um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE (1), einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar rökstudd beiðni um að starfsnámi eða starfsþjálfun verði bætt við eða tekið út af skránni í viðaukum C eða D er skoðuð ber framkvæmdastjórninni, samkvæmt 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 92/51/EBE, einkum að ganga úr skugga um að prófskríteini sem eru veitt vegna umrædds náms séu vitnisburður um að viðkomandi búi yfir menntun eða hæfi á sambærilegu stigi við það æðra nám sem um getur í i-lið annars undirlíðar fyrstu undirgreinar a-liðar 1. gr. og hafi sambærilega ábyrgð og verksvið.

Ríkisstjórn Þýskalands hefur lagt fram rökstudda beiðni um breytingu á viðaukum C og D við tilskipunina og ríkisstjórn Ítalíu hefur lagt fram rökstudda beiðni um breytingu á viðauka C.

Einkum þarf að breyta tilvísun til starfsheitisins sjúkraþjálfara („Krankengymnast(in)”) í Þýskalandi í kjölfar breytingar á innlendra lögjöf þar sem nýtt starfsheiti er samþykkt án þess þó að uppbyggingu starfsnáms og starfsþjálfunar hafi verið breytt.

Það starfsnám sem bæta á við skrána í viðauka C, að því er varðar Þýskaland, er byggt upp á sama hátt og það sem þegar er skráð, að því er varðar Þýskaland, Ítalíu og Lúxemborg, í 1. lið („Nám er tengist læknisfræði og umönnun barna”) í sama viðauka.

Ítalía hefur breytt starfsnámi og starfsþjálfun fyrir endurskoðendur („ragioniero”) og viðskiptaráðgjafa („perito commerciale”) með þeim hætti að ákvæði tilskipunar ráðsins 89/48/EBE (2) gilda nú um þetta nám. Að því er varðar starfsráðgjafa („consulente del lavoro”) hefur sýnt sig að uppbygging námsins eins og hún er skilgreind í tilskipun 89/48/EBE er það námsfyrirkomulag sem helst tíðkast í þessari starfsgrein. Af þessu leiðir að fella ber námsfyrirkomulag þessara tveggja starfsgreina brott úr viðauka C, þar eð þeir sem búa yfir menntun og hæfi samkvæmt ákvæðum tilskipunar 92/51/EBE geta farið fram á að ákvæði a-liðar 1. gr. tilskipunar 89/48/EBE gildi um þá.

Eins og fram kemur í 2. gr. tilskipunar 92/51/EBE gilda ákvæði þeirrar tilskipunar ekki um störf sem fjallað er um í tilskipunum sem eru taldar upp í viðauka A við þá tilskipun, að meðtöldum tilskipunum sem eru láttnar gilda um iðkun á launuðum störfum, sem eru talin upp í viðauka B, jafnvel þó að ríkisborgari aðildarríkis hafi lokið „námi sem er byggt upp á sérstakan hátt” og um getur í viðauka D.

Starfsnámið sem bæta á við skrána í viðauka D að því er varðar Þýskaland er að uppbyggingu líkt tilteknu starfsnámi í viðauka C og varir ævinlega allt minnst 13 ár, þar af starfsmenntun minnst þrjú ár.

Aðildarríkjum sem eiga starfsnám og starfsþjálfun skráð í viðauka D ber, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 92/51/EBE og í þeim tilgangi að auka skilvirkni almenna kerfisins, að senda framkvæmdastjórninni skrá yfir viðkomandi prófskríteini. Birta ber skrárnar með áorðnum breytingum til að auðveldara sé að lesa viðauka C og D.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 15. gr. tilskipunar 92/51/EBE.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 217, 23. 8. 1994, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttö. EB nr. L 209, 24. 7. 1992, bls. 25.

(2) Stjttö. EB nr. L 19, 24. 1. 1989, bls. 16.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Viðaukum C og D við tilskipun 92/51/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Skrárnar yfir starfsnám og starfsþjálfun í viðaukum C og D við tilskipun 92/51/EBE er að finna með áorðnum breytingum í II. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilfyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. október 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á 20. degi frá því að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins

Gjört í Brussel 26. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Raniero VANNI D'ARCHIRAFI

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI I

1. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka C:

1. Undir fyrirsögninni „Í Þýskalandi” í „1. Nám er tengist læknisfræði og umönnun barna”:

a) verði annar undirliður sem hér segir:

„- sjúkrapjálfara („Krankengymnast(in)/Physiotherapeut(in)”⁽¹⁾);

b) bætast eftirtaldir undirliðir við:

„- aðstoðartæknimenn á lækunarannsóknarstofum („medizinisch-technische(r) Laboratoriums-Assistent(in)”)

- aðstoðartæknimenn á sviði geislalækninga („medizinisch-technische(r) Radiologie-Assistent(in)”)

- aðstoðartæknimenn á sviði sjúkdómsgreiningar („medizinisch-technische(r) Assistent(in) für Funktionsdiagnostik”)

- aðstoðartæknimenn á sviði dýralækninga („veterinärmedizinisch-technische(r) Assistent(in)”)

- næringarfræðinga („Diätassistent(in)”)

- tæknimenn á sviði lyfjafraði („Pharmazieingenieur”), lokið fyrir 31. mars 1994 í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu eða á yfirráðasvæði hinna nýju sambandsríkja,

- geðhjúkrunarfræðinga („Psychiatrische(r) Krankenschwester/Krankenpfleger”),

- talkennara („Sprachtherapeut(in)”)

2. Undir „Á Ítalíu” í „4. Tækninám”:

- falli niður þriðji undirliður: „

- endurskoðendur (ragioniero) og viðskiptaráðgjafa (perito commerciale)”

- falli niður fjórði undirliður: „- starfsráðgjafa (consulente del lavoro)”

- hljóði sjötti undirliður sem hér segir:

„- þegar um er að ræða nám fyrir landbúnaðarráðgjafa, að lokinni minnst tveggja ára starfsreynslu.”

(¹) Frá og með 1. júní 1994 kom starfsheitið „Physiotherapeut(in)” í stað „Krankengymnast(in)”. Hins vegar er starfsmönnum í greininni, sem hafa fengið prófskírteini fyrir þá dagsetningu, heimilt að nota fyrra heitið „Krankengymnast(in)”, óski þeir þess.

2. Eftirfarandi þáttur bætist við viðauka D:

„Í Þýskalandi: eftirfarandi lögverndað nám:

- lögverndað nám til undirbúnings störfum aðstoðarmanns á tæknisviði („technische(r) Assistent(in)“), aðstoðarmanns á viðskiptasviði („kaufmännishce(r) Assistent(in)“), starfsgreinum á vettvangi félagsmála („soziale Berufe“) og starfsgreininni öndunar-, tal- og raddþjálfari viðurkenndri af ríkinu („staatlich geprüfte(r) Atem-, Sprech- und Stimmlehrer(in)“), sem felur í sér nám sem stendur í 13 ár hið minnsta, meðal annars próf úr framhaldsskóla („mittlerer Bildungsabschluß“), og nær yfir:
 - minnst þriggja ára⁽¹⁾ starfsnám í sérskóla („Fachschule“) sem lýkur með prófi þar sem í sumum tilvikum bætist við eins eða tveggja ára sérnám sem einnig lýkur með prófi,
 - eða minnst tveggja og hálfis árs nám í sérskóla („Fachschule“) sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst sex mánuði eða minnst sex mánaða starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð,
 - eða minnst tveggja ára nám í sérskóla („Fachschule“) sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst eitt ár eða minnst eins árs starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð,
- lögverndað nám fyrir starfsgreinarnar iðnfræðingur viðurkenndur af ríkinu („staatlich geprüfte(r) Techniker(in)“), rekstrarhagfræðingur („Betriebswirt(in)“), hönnuður („Gestalter(in)“) og heimilishjálparmaður („Familienpfleger(in)“) sem felur í sér nám sem stendur í 16 ár hið minnsta, þar sem þess er krafist að viðkomandi hafi lokið skyldunámi með fullnægjandi hætti eða sambærilegu námi og þjálfun (sem stendur í níu ár hið minnsta) og námi við fagskóla („Berufsschule“) sem stendur í þrjú ár hið minnsta, og að lokinni minnst tveggja ára starfsreynslu felur í sér minnst tveggja ára nám og þjálfun í fullu starfi eða nám og þjálfun í hlutastarfi af samsvarandi lengd,
- lögverndað nám og lögvernduð starfsþjálfun, sem varir alls 15 ár hið minnsta, þar sem þess er krafist, almennt orðað, að viðkomandi hafi lokið skyldunámi með fullnægjandi hætti (sem stendur í níu ár hið minnsta) og starfsnámi (venjulega þriggja ára), og felur að jafnaði í sér minnst tveggja ára starfsreynslu (oftast þriggja ára) og próf sem er hluti starfsþjálfunar, en undirbúningur fyrir það felst í námi sem annaðhvort fer fram samhliða starfsþjálfuninni (minnst 1 000 klukkustundir) eða er sjálfstætt fullt nám (minnst eitt ár).

Þýsk yfirvöld skulu senda framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skrá yfir starfsnám sem fjallað er um í þessum viðauka.”

⁽¹⁾ Heimilt er stytta lágmarksnámstíma sem er þrjú ár í tvö ár hafi viðkomandi einstaklingur menntun og hæfi til að setjast í háskóla („Abitur“), þ.e. hefur lokið 13 ára námi og þjálfun eða hefur menntun og hæfi til að setjast í „Fachhochschule“ („Fachhochschulereife“), þ.e. hefur lokið 12 ára námi og þjálfun.

VIÐAUKI II

SKRÁ YFIR NÁM SEM ER BYGGT UPP Á SÉRSTAKAN HÁTT EINS OG UM GETUR Í II-LIÐ ANNARS UNDIRLIÐAR Í FYRSTU UNDIRGREIN a-LIÐAR 1. GR.

1. Nám er tengist læknisfræði og umönnun barna

Nám fyrir:

í Þýskalandi

- barnalækningahjúkrunarfræðinga („Kinderkrankenschwester/Kinderkrankenpfleger“),
- sjúkrahjálfa („Krankengymnast(in)/Physiotherapeut(in)“)⁽¹⁾,
- iðjuhjálfa (Beschäftigungs- und Arbeitstherapeut(in)),
- talkennara („Logopäde/Logopädin“),
- augnhjálfa („Orthoptist(in)“),
- fóstrur viðurkenndar af ríkinu („Staatlich anerkannte(r) Erzieher(in)“),
- endurhæfingarsjúklinga viðurkennda af ríkinu („Staatlich anerkannte(r) Heilpädagoge(-in)“).
- aðstoðartæknimenn á lækunarannsóknarstofum („medizinisch-technische(r) Laboratoriums-Assistent(in)“),
- aðstoðartæknimenn á sviði geislalækninga („medizinisch-technische(r) Radiologie-Assistent(in)“),
- aðstoðartæknimenn á sviði sjúkdómsgreiningar („medizinisch-technische(r) Assistent(in) für Funktionsdiagnostik“),
- tæknimenn á sviði dýralækninga („veterinärmedizinisch-technische(r) Assistent(in)“),
- næringarfræðinga („Diätassistent(in)“),
- tæknimenn á sviði lyfjafræði („Pharmazieingenieur“), lokið fyrir 31. mars 1994 í fyrrum Þýska alþýðulýðveldinu eða á yfirráðasvæði hinna nýju sambandsríkja,
- geðhjúkrunarfræðinga („Psychiatrische(r) Krankenschwester/Krankenpfleger“),
- talkennara („Sprachtherapeut(in)“),

á Ítalíu

- tannfræðinga („odontotecnico“),
- sjóntækjafræðinga („ottico“),
- fótisnyrti („podologo“),

í Lúxemborg

- tæknimenn á sviði geislalækninga („assistant(e) technique médical(e) en radiologie“),
 - tæknimenn á lækunarannsóknarstofum („assistant(e) technique médical(e) de laboratoire“),
 - geðhjúkrunarfræðingur („infirmier/ière psychiatrique“),
 - tæknimenn á sviði skurðlækninga („assistant(e) technique médical(e) en chirurgie“),
 - barnalækningahjúkrunarfræðinga („infirmier/ière puériculteur/trice“),
 - svæfingahjúkrunarfræðingur („infirmier/ière anesthésiste“),
 - sérmenntaða nuddara („masseur/euse diplômé(e)“),
 - fóstrur („éducateur/trice“),
- sem felur í sér nám sem stendur í 13 ár hið minnsta, meðal annars:
- annaðhvort minnst þriggja ára starfsnám í sérskóla sem lýkur með prófi þar sem í sumum tilvikum bættist við eins eða tveggja ára sérnám sem lýkur með prófi,

⁽¹⁾ Frá og með 1. júní 1994 kom starfsheitið „Physiotherapeut(in)“ í stað „Krankengymnast(in)“. Hins vegar er starfsmönnum í greininni, sem hafa fengið prófskírteini fyrir þá dagsetningu, heimilt að nota fyrra heitið „Krankengymnast(in)“, óski þeir þess.

- eða minnst tveggja og hálf árs nám í sérskóla sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst sex mánuði eða minnst sex mánaða starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð,
- eða minnst tveggja og hálf árs nám í sérskóla sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst eitt ár eða minnst eins árs starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð.

2. Meistaránám („Mester/Meister/Maître”) á sviði iðnnáms er fellur ekki undir tilskipanir sem eru taldar upp í viðauka A

Nám fyrir:

í Danmörku

- sjóntækjafraeðinga („optometrist”),
þetta nám tekur alls 14 ár, að meðtalinni fimm ára starfsþjálfun sem skiptist í tveggja og hálf árs fræðilegt nám í fagskóla og tveggja og hálf árs starfsþjálfun á vinnustað, og lýkur með viðurkenndu prófi í iðninni sem veitir rétt til að nota meistaratitilinn,
- bæklunartækna („ortopædimekaniker”),
þetta nám tekur alls 12,5 ár, að meðtalinni þriggja og hálf árs starfsþjálfun sem skiptist í sex mánaða fræðilegt nám í fagskóla og þriggja ára starfsþjálfun á vinnustað, og lýkur með viðurkenndu prófi í iðninni sem veitir rétt til að nota meistaratitilinn,
- bæklunarskósmiði („ortopædiskomager”),
þetta nám tekur alls 13,5 ár, að meðtalinni fjögurra og hálf árs starfsþjálfun sem skiptist í tveggja ára fræðilegt nám í fagskóla og tveggja og hálf árs starfsþjálfun á vinnustað, og lýkur með viðurkenndu prófi í iðninni sem veitir rétt til að nota meistaratitilinn.

í Þýskalandi

- sjóntækjafraeðinga („Augenoptiker”),
- tannfraeðinga („Zahntechniker”),
- framleiðendur og seljendur gervilima og umbúða („Bandagist”),
- heyrnartækna („Hörgeräte-Akustiker”),
- bæklunartækna („Orthopädiemechaniker”),
- bæklunarskósmiði („Orthopädienschuhmacher”),

í Lúxemborg

- sjóntækjafraeðinga („opticien”),
- tannfraeðinga („mécanicien dentaire”),
- heyrnarfraeðinga („audioprothésiste”),
- bæklunartækna/gervilimafræðinga („mécanicien orthopédiste/bandagiste”),
- bæklunarskósmiði („orthopédiste-cordonnier”).

Þetta nám tekur alls 14 ár, að meðtalinni minnst fimm ára þjálfun sem er liður í skipulögðu námi, og fer að hluta til fram á vinnustað og að hluta til í fagskóla, og lýkur með prófi sem viðkomandi verður að standa til að geta stundað starfsemi í þeirri iðn, annaðhvort á eigin vegum eða annarra með sambærilegri ábyrgð.

3. Sjómennska

a) Sjóflutningar

Nám fyrir:

í Danmörku

- skipstjóra („skibsfører“),
- yfirstýrimenn („overstyrmand“),
- stýrimenn sem eru einir, vaktstýrimenn („enestyrmand, vagthavende styrmand“),
- vaktstýrimenn („vagthavende styrmand“),
- yfirvélstjóra („maskinchef“),
- fyrstu vélstjóra („1. maskinmester“),
- fyrstu vélstjóra/vaktvélstjóra („1. maskinmester/vagthavende maskinmester“),

í Þýskalandi

- skipstjóra, stór strandferðaskip („Kapitän AM“),
- skipstjóra, strandferðaskip („Kapitän AK“),
- vaktstýrimenn, stór strandferðaskip („Nautischer Schiffsoffizier AMW“),
- vaktstýrimenn, strandferðaskip („Nautischer Schiffsoffizier AKW“),
- yfirvélstjóra, þrep C („Schiffsbetriebstechniker CT - Leiter von Maschinenanlagen“),
- vélstjóra, þrep C („Schiffsmaschinist CMA - Leiter von Maschinenanlagen“),
- yfirvélstjóra, þrep C („Schiffsbetriebstechniker CTW“),
- vélstjóra, þrep C
- vélstjóra sem eru einir („Schiffsmaschinist CMAW - Technischer Alleinoffizier“),

á Ítalíu

- vaktstýrimenn („ufficiale di coperta“),
- yfirvélstjóra („ufficiale di macchina“),

í Hollandi

- yfirstýrimenn (strandferðaskip) (með viðbótarnám) („stuurman kleine handelsvaart (met aanvulling)“),
- vélstjóra (með prófskírteini) („diploma motordrijver“),
sem er sambærilegt við eftirfarandi nám:
 - í Danmörku, níu ára grunnskólanám ásamt frekara faglegu grunnnámi og/eða þjónustu á sjó sem varir í 17 til 36 mánuði, en við það bætist:
 - eins árs sérhæfð starfsþjálfun fyrir vaktstýrimenn,
 - þriggja ára sérhæfð starfsþjálfun fyrir aðra,
 - í Þýskalandi, heildarnám sem tekur 14 til 18 ár, að meðtöldu þriggja ára faglegu grunnnámi ásamt einu ári á sjó, auk eins eða tveggja ára sérhæfðrar starfsþjálfunar en við það bætist, eftir því sem við á, tveggja ára reynslutími við stjórn siglinga,
 - á Ítalíu, heildarnám sem tekur alls 13 ár, þar af eru minnst fimm ár í faglegu námi sem lýkur með prófi en við það bætist eftir atvikum starfsþjálfunartími,
 - í Hollandi, 14 ár nám, þar af fara minnst tvö ár fram í sérhæfðri starfsmenntastofnun, en við það bætist tólf mánaða starfsþjálfunartími.

Námið skal viðurkennt samkvæmt alþjóðlega STCW-samningnum (International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978).

b) Veiðar á rúmsjó

Nám fyrir:

í Þýskalandi

- skipstjóra, úthafsveiðar („Kapitän BG/Fischerei”),
- skipstjóra, strandveiðar („Kapitän BK/Fischerei”),
- vaktstýrimenn, úthafsveiðiskip („Nautischer Schiffsoffizier BGW/Fischerei”),
- vaktstýrimenn, strandveiðiskip („Nautischer Schiffsoffizier BKW/Fischerei”),

í Hollandi

- yfirstýrimenn/vélstjóra V („stuurman werktuigkundige V”),
- vélstjóra IV (fiskiskip) („werktuigkundige IV visvaart”),
- yfirstýrimenn IV (fiskiskip) („stuurman IV visvaart”),
- yfirstýrimenn/vélstjóra VI („stuurman werktuigkundige VI”),

sem er sambærilegt við eftirfarandi nám:

- í Þýskalandi, heildarnám sem tekur 14 til 18 ár, að meðtöldu þriggja ára faglegri grunnþjálfun ásamt einu ári á sjó, auk eins eða tveggja ára sérhæfðrar starfsþjálfunar en við það bætist, eftir því sem við á, tveggja ára reynslutími við stjórn siglinga,
- í Hollandi, nám sem varir í 13 til 15 ár, þar af fara minnst tvö ár fram í sérhæfðri starfsmenntastofnun, en við það bætist tólf mánaða starfsþjálfunartími.

Námið skal viðurkennt samkvæmt Torremolinos-samningnum (1977 International Convention for the Safety of Fishing Vessels).

4. Tækninám

Nám fyrir:

á Ítalíu

- landmælingamenn („geometra”),
- landbúnaðarráðgjafa („perito agrario”),
er felur í sér minnst 13 ára tækninám á framhaldsskólastigi, þar af eru átta ár skyldunám auk fimm ára náms á framhaldsskólastigi, þar af eru þrjú ár í starfsnámi er lýkur með stúdentsprófi á tæknisviði, en við það bætist,
- þegar um er að ræða nám fyrir landmælingamenn: annaðhvort starfsreynslutími í minnst tvö ár á fagstofu, eða fimm ára starfsreynsla,
- þegar um er að ræða nám fyrir landbúnaðarráðgjafa, minnst tveggja ára starfsreynsla ásamt prófi sem er viðurkennt af ríkinu.

Nám fyrir:

í Hollandi

- fógetafulltrúa („gerechtsdeurwaarder”),
sem felur í sér almennt nám og starfsþjálfun er í allt tekur 19 ár, þar af eru átta ár í skyldunámi ásamt átta árum á framhaldsskólastigi, en fjögur þeirra skulu vera á tæknisviði, og lýkur með prófi viðurkenndu af ríkinu en við það bætist þriggja ára fræðilegt og verklegt starfsnám.

5. Nám í Breska konungsríkinu sem er viðurkennt sem „National Vocational Qualifications or Scottish Vocational Qualifications”

Nám fyrir:

- vísindalega aðstoðarmenn við læknarannsóknarstofur („Medical Laboratory Scientific Officer”),
- námurafmagnsverkfræðinga („Mine Electrical Engineer”),
- námu vélaverkfræðinga („Mine Mechanical Engineer”),
- viðurkennda félagsráðgjafa - á sviði geðheilbrigðis („Approved Social Worker - Mental Health”),
- tilsjónarmenn („Probation Officer”),
- tannfræðinga („Dental Therapist”),
- tannhirða („Dental Hygienist”),
- sjóntækjafraðinga („Dispensing optician”),
- aðstoðarmenn námuverkfræðinga („Mine Deputy”),
- skiptastjóra („Insolvency Practitioner”),
- viðurkennda lögbókendur við afsal og fasteignagjörninga („Licensed Conveyancer”),
- gervilimasmiði („Prosthetist”),
- fyrstu stýrimenn á flutninga- og farþegaskipum - án takmarkana („First Mate - Freight/Passenger ships - Unrestricted”),
- aðra stýrimenn á flutninga- og farþegaskipum - án takmarkana („Second Mate - Freight/Passenger ships - Unrestricted”),
- þriðju stýrimenn á flutninga- og farþegaskipum - án takmarkana („Third Mate - Freight/Passenger ships - Unrestricted”),
- vaktstýrimenn á flutninga- og farþegaskipum - án takmarkana („Deck Officer - Freight/Passenger ships - Unrestricted”),
- yfirvélstjóra á flutninga- og farþegaskipum - án takmarkana viðskiptasvæði („Engineer Officer - Freight/Passenger ships —Unlimited Trading Area”),
- umboðsaðila vörumerkja („Trade Mark Agent”),

er felur í sér menntun og hæfi sem er viðurkennt sem „National Vocational Qualifications” (NVQ) eða sem „National Council for Vocational Qualifications” samþykkir og viðurkennir sem jafngilt, eða er viðurkennt í Skotlandi sem „Scottish Vocational Qualifications”, á 3. og 4. stigi í „National Framework of Vocational Qualifications” í Breska konungsríkinu.

Þessi stig eru skilgreind sem hér segir:

- **3. stig:** felur í sér hæfni á ýmsum sviðum starfs og við breytilegar aðstæður þar sem um er að ræða bæði flókin störf og störf sem eru ekki venjubundin. Um verulega ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð er að ræða og jafnframt er oft krafist umsjónar með öðrum eða leiðsagnar.
- **4. stig:** felur í sér hæfni á ýmsum sviðum starfs, bæði er varðar tæknileg og fagleg atriði, og við breytilegar aðstæður þar sem um er að ræða verulega ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð. Oft er jafnframt um að ræða ábyrgð á störfum annarra og skipulagningu starfseminnar.

SKRÁ YFIR NÁM SEM ER BYGGT UPP Á SÉRSTAKAN HÁTT EINS OG UM GETUR Í ÞRIÐJA UNDIRLIÐ b-LIÐAR Í FYRSTU UNDIRGREIN 3. GR.

Í Breska konungsríkinu

Lögverndað nám er felur í sér menntun og hæfi sem „National Council for Vocational Qualifications” viðurkennir sem „National Vocational Qualifications” (NVQ), eða er viðurkennt í Skotlandi sem „Scottish Vocational Qualifications”, á 3. og 4. stigi í „National Framework of Vocational Qualifications” í Breska konungsríkinu.

Þessi stig eru skilgreind sem hér segir:

- **3. stig:** felur í sér hæfni á ýmsum sviðum starfs og við breytilegar aðstæður þar sem um er að ræða bæði flókin störf og störf sem eru ekki venjubundin. Um verulega ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð er að ræða og jafnframt er oft krafist umsjónar með öðrum eða leiðsagnar.
- **4. stig:** felur í sér hæfni á ýmsum sviðum starfs, bæði er varðar tæknileg og fagleg atriði, og við breytilegar aðstæður þar sem um er að ræða verulega ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð. Oft er jafnframt um að ræða ábyrgð á störfum annarra og skipulagningu starfseminnar.

Í Þýskalandi

Eftirfarandi lögverndað nám:

- lögverndað nám til undirbúnings störfum aðstoðarmanns á tæknisviði („technische(r) Assistent(in)”), aðstoðarmanns á viðskiptasviði („kaufmännishce(r) Assistent(in)”), starfsgreinum á vettvangi félagsmála („soziale Berufe”) og starfsgreininni öndunar-, tal- og raddþjálfari viðurkenndri af ríkinu („staatlich geprüfte(r) Atem-, Sprech- und Stimmlehrer(in)”), sem felur í sér nám sem stendur í 13 ár hið minnsta, meðal annars próf úr framhaldsskóla („mittlerer Bildungsabschluss”), og nær yfir:
 - minnst þriggja ára⁽¹⁾ starfsnám í sérskóla („Fachschule”) sem lýkur með prófi þar sem í sumum tilvikum bætist við eins eða tveggja ára sérnám sem einnig lýkur með prófi,
 - eða minnst tveggja og hálfis árs nám í sérskóla („Fachschule”) sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst sex mánuði eða minnst sex mánaða starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð,
 - eða minnst tveggja ára nám í sérskóla („Fachschule”) sem lýkur með prófi þar sem við bætist starfsreynsla í minnst eitt ár eða minnst eins árs starfsþjálfun í viðurkenndri starfsstöð,
- lögverndað nám fyrir starfsgreinarnar iðnfræðingur viðurkenndur af ríkinu („staatlich geprüfte(r) Techniker(in)”), rekstrarhagfræðingur („Betriebswirt(in)”), hönnuður („Gestalter(in)”) og heimilishjálparmaður („Familienpfleger(in)”) sem felur í sér nám sem stendur í 16 ár hið minnsta, þar sem þess er krafist að viðkomandi hafi lokið skyldunámi með fullnægjandi hætti eða sambærilegu námi og þjálfun (sem stendur í nýu ár hið minnsta) og námi við fagskóla („Berufsschule”) sem stendur í þrjú ár hið minnsta, og að lokinni minnst tveggja ára starfsreynslu felur í sér minnst tveggja ára nám og þjálfun í fullu starfi eða nám og þjálfun í hlutastarfi af samsvarandi lengd,
- lögverndað nám og lögvernduð starfsþjálfun, sem varir alls 15 ár hið minnsta, þar sem þess er krafist, almennt orðað, að viðkomandi hafi lokið skyldunámi með fullnægjandi hætti (sem stendur í nýu ár hið minnsta) og starfsnámi (venjulega þriggja ára), og felur að jafnaði í sér minnst tveggja ára starfsreynslu (oftast þriggja ára) og próf sem er hluti starfsþjálfunar, en undirbúningur fyrir það felst í námi sem annaðhvort fer fram samhliða starfsþjálfuninni (minnst 1 000 klukkustundir) eða er sjálfstætt fullt nám (minnst eitt ár).

Þýsk yfirvöld skulu senda framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum skrá yfir starfsnám sem fjallað er um í þessum viðauka.

(¹) Heimilt er stytta lágmarksnámstíma úr þremur árum í tvö ár hafi viðkomandi einstaklingur menntun og hæfi til að setjast í háskóla („Abitur”), þ.e. hefur lokið 13 ára námi og þjálfun eða hefur menntun og hæfi til að setjast í „Fachhochschule” („Fachhochschulereife”), þ.e. hefur lokið 12 ára námi og þjálfun.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**94/EES/53/02****nr. 26/94
frá 2. desember 1994****um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ályktun ráðsins 94/C 181/02 frá 27. júní 1994 um stefnumótun bandalagsins varðandi stafrænar sjónvarpssendingar⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi bætist við á eftir 1. lið í X. viðauka við samninginn (tilskipun ráðsins 89/552/EBE):

„GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilarnir taki mið af efni eftirtalinna gerða:

2. **394 Y 0702(02):** Ályktun ráðsins 94/C 181/02 frá 27. júní 1994 um stefnumótun bandalagsins varðandi stafrænar sjónvarpssendingar (Stjtfð. EB nr. C 181, 2. 7. 1994, bls. 3).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 94/C 181/02 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

⁽¹⁾ Stjtfð. EB nr. C 181, 2. 7. 1994, bls. 3.

ÁLYKTUN RÁÐSINS
frá 27. júní 1994
um stefnumótun bandalagsins varðandi stafrænar sjónvarpssendingar(*)

(94/C 181/02)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og tekur tillit til eftirfarandi:

Með ákvörðun 89/337/EBE ⁽¹⁾, ákvörðun 89/630/EBE ⁽²⁾, tilskipun 92/38/EBE ⁽³⁾ og ákvörðun ráðsins 93/424/EBE ⁽⁴⁾ hefur bandalagið viðurkennt að háþróað háskerpusjónvarp er mikilvægt fyrir evrópska neytendarafiðnaðinn og fyrir evrópska sjónvarps- og kvikmyndagerð, og þar er kveðið á um rammaáætlun um uppsetningu háþróaðs háskerpusjónvarps í Evrópu.

Í ályktun sinni frá 22. júlí 1993 um tækniþróun og mótun staðla á sviði háþróaðrar sjónvarpsþjónustu ⁽⁵⁾ fór ráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fyrir ráðið orðsendingu um stafrænt sjónvarp.

Hinn 18. nóvember 1993 lagði framkvæmdastjórnin fyrir ráðið orðsendingu sem ber yfirskriftina „Stafrænar sjónvarpssendingar - stefnumótun bandalagsins“.

Stafræn tækni getur haft í för með sér mikilsverðan ávinning fyrir sjónvarpstækni og rafrænar upplýsingabrautir framtíðarinnar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. C 181, 2. 7. 1994, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á X. viðauka (Hljóð- og myndmiðlun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 89/337/EBE frá 27. apríl 1989 um háskerpusjónvarp (Stjttíð. EB nr. L 142, 25. 5. 1989, bls. 1).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 89/630/EBE frá 7. desember 1989 um samstillt átak aðildarríkjanna með það í huga að samþykkja sameiginlegan alþjóðastaðal um framleiðslu háskerpusjónvarps á allsherjarþingi Alþjóðlegu útvarpsráðgjafarnefndarinnar (CCIR) árið 1990 (Stjttíð. EB nr. L 363, 13. 12. 1989, bls. 30).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 92/38/EBE frá 11. maí 1992 um notkun staðla um merkjásendingar fyrir gervihnattasjónvarp (Stjttíð. EB nr. L 137, 20. 5. 1992, bls. 17).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins 93/424/EBE frá 22. júlí 1993 um aðgerðaáætlun um háþróaða sjónvarpsþjónustu í Evrópu (Stjttíð. EB nr. L 196, 5. 8. 1993, bls. 48).

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. C 209, 3. 8. 1993, bls. 1.

Þessum ávinningi verður best náð með því að beita strax í upphafi samhæfðu átaki sem byggist á langtímasjónarmiðum.

Sameiginlegir staðlar eru nauðsynleg forsenda fyrir slíku átaki.

Efla ber rannsókn- og þróunarstarfsemi á þessu sviði í bandalaginu og gera frekari kannanir á tíðni og framkvæmdaáætlunum.

Á heimsvísu hafa orðið framfarir á sviði stafrænnar tækni og keppa ber að því að kerfi sem verða tekin í notkun út um allan heim séu samrýmanleg í eins ríkum mæli og kostur er.

1. FAGNAR orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar undir yfirskriftinni „Stafrænar sjónvarpssendingar - stefnumótun bandalagsins“ sem er ákjósanlegur grundvöllur að rannsókn ráðsins;
2. ER ÞEIRRAR SKOÐUNAR að:
 - 2.1. stafræn tækni geti falið í sér verulegan ávinning til framfara á sviði sjónvarps og í víðari skilningi fyrir rafrænar upplýsingabrautir framtíðarinnar eða samþætt breiðbandsfjarskipti en þar getur stafrænt sjónvarp gegnt lykilhlutverki;
 - 2.2. einungis sé unnt að ná fram hugsanlegum ávinningi að fullu ef markaðssetning kerfanna verður samhæfð en með því móti verður auðveldara að bjóða jafnt og þétt fram nýja, samrýmanlega þjónustu án þess að um óþarfa tafir verði að ræða;
 - 2.3. nauðsynleg forsenda þessarar samhæfðu markaðsþróunar sé að sameiginlegir staðlar verði samþykktir sem ekki aðeins skapa skýrar línur fyrir bæði framleiðendur og neytendur til skemmri tíma litið, þannig að stafræn sjónvarpsþjónusta geti komist í gagnid sem fyrst, heldur opnar einnig fyrir þann möguleika að síðar verði unnt að uppfæra kerfið og þjónustuna jafnt og þétt og bjóða til að mynda upp á háskerpusjónvarp þegar markaðurinn krefst þess;

2.4. aðgangsskilyrði hafi mikla þýðingu bæði fyrir seljendur og neytendur sjónvarpsþjónustu sem greitt er fyrir og fyrir rétthafa dagskrárefnis. Stefna Evrópusambandsins á þessu sviði skal tryggja sanngjarna og frjálsa samkeppni, vernda hagsmuni neytenda og minnka líkur á sjóræningjastarfsemi;

3. LÝSIR YFIR ÞVÍ að:

3.1. auðveldast er að ná markmiðinu um samhæfða markaðsþróun eins og að framan getur með breiðri samstöðu milli allra hlutaðeigandi aðila atvinnulífsins, að útvarps- og sjónvarpsfyrirtækjum meðtöldum, og fagnar því ef aðilar atvinnulífsins gera með sér frjálsa samninga á þessu sviði;

3.2. það er þó þess umkomið að setja lagaákvæði ef með þarf, að því tilskildu að:

i) ekki hafi náðst innan tilsettra tímamarka breið samstaða milli aðila atvinnulífsins, að útvarps- og sjónvarpsfyrirtækjum meðtöldum, um það hvernig tryggja beri samhæfða markaðsþróun,

og/eða

ii) þess þarf með vegna kröfunnar um frjálsa og opna samkeppni, neytendavernd eða af öðrum ástæðum er varða almannaeið, til að auðveldara sé að ná þessu markmiði og vernda umrædda hagsmuni;

4. GERIR SÉR LJÓST að:

með því að hafa samráð við aðila innan atvinnugreinarinnar um skilyrtan aðgang, innan ramma evrópska samstarfsverkefnisins um stafrænar sjónvarpssendingar, hefur málinu miðað í rétta átt, en því er ekki lokið, og nauðsynlegt er að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin kanni nánar, með tilliti til stefnumótunarinnar sem sett er fram í 3. lið, hvort þörf er á viðbótarráðstöfunum til að ná markmiðum Evrópusambandsstefnunnar um skilyrtan aðgang eins og kveðið er á um í lið 2.4;

5. FAGNAR ráðagerð framkvæmdastjórnarinnar að:

5.1. hafa í tillögum sínum um séráætlanir, samkvæmt Fjórðu rammaáætluninni um rannsóknir og þróun, starfsemi á viðkomandi sviðum með það í huga að tryggja að allar nauðsynlegar tækniupplýsingar séu fyrirbyggjandi svo unnt sé að gera langtímaáætlun um margmiðlunarkerfi og -þjónustu;

5.2. stuðla að stöðlun stafræns sjónvarps, einkum með því að veita evrópskum staðlastofnunum umboð;

5.3. hvetja aðila atvinnulífsins og innlendar stjórnslustofnanir til að móta framkvæmdáætlanir og hafa eftirlit með slíkri mótun;

5.4. efla rannsóknir viðkomandi evrópskra stofnana á tíðnisviði sem er á lausu og stefnumótun í því sambandi og fylgjast með slíkum rannsóknum;

5.5. hafa áframhaldandi samráð við þriðju aðila, svo sem Bandaríki Norður-Ameríku og Japan, og hvetja aðila markaðarins til að benda á og ná samstöðu um sameiginlegar einingar í sjónvarpskerfum sem eiga í fram-tíðinni að ná út um allan heim, jafnframt því að fræða aðildarríkin um allt sem máli skiptir í þessum efnum;

6. HVETUR framkvæmdastjórnina til að fylgjast nákvæmlega með öllum framförum á sviði stafræna sjónvarpssendinga og leggja skýrslu fyrir ráðið um gang mála, ásamt tillögum um viðeigandi aðgerðir um leið og þess gerist þörf og slíkt þjónar tilgangi, þó eigi síðar en fyrir 1. júlí 1995.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**94/EES/53/03****nr. 27/94
frá 2. desember 1994****um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/439/EB frá 15. júní 1994 um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/44/EBE⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi bætist við lið 5b í XI. viðauka við samninginn (tilskipun ráðsins 92/44/EBE) á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **394 D 0439:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/439/EB frá 15. júní 1994 (Stjttíð. EB nr. L 181, 15. 7. 1994, bls. 40).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/439/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 181, 15. 7. 1994, bls. 40.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
frá 15. júní 1994
um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/44/EBE(*)

(94/439/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í III. viðauka við tilskipun ráðsins 90/387/EBE frá 28. júní 1990, um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum ⁽²⁾, er kveðið á um að gefin verði út tilskipun um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur og að komið verði á fót nefnd um frjálstan netaðgang (ONP-nefndin) framkvæmdastjórninni til aðstoðar við framkvæmd tilskipunarinnar.

Í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 92/44/EBE er kveðið á um breytingu á II. viðauka hennar til að laga hann að nýjum tækniframförum og breyttri markaðseftirspurn, að teknu tilliti til þróunar innlendra netkerfa.

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) hefur á grundvelli fyrirsmála frá framkvæmdastjórninni samþykkt evrópska fjarskiptastaðla (ETS) fyrir 2048 kílóbita/s óskipulegar og 64 kílóbita/s stafrænar leigulínur.

Rétt er að gera ráð fyrir aðlögunartímabili til 31. desember 1996 uns fjarskiptafyrirtækjum ber að uppfylla þessa evrópsku fjarskiptastaðla og bjóða fram leigulínur samkvæmt 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 92/44/EBE. Á því tímabili geta fjarskiptafyrirtæki boðið fram leigulínur í samræmi við þessa evrópsku

fjarskiptastaðla sem hluta af lágmarkssamstæðunni í stað samsvarandi CCITT-tilmæla sem fram koma í II. viðauka við tilskipun 92/44/EBE.

Þess er ekki krafist að fjarskiptafyrirtæki afturkalli framboð á leigulínum, hvorki á aðlögunartímabilinu né eftir að því er lokið. Í samræmi við 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 92/44/EBE skal framboð annarra leigulína umfram lágmarkssamstæðu leigulína, sem fram kemur í II. viðauka við þá tilskipun, ekki koma í veg fyrir framboð þessarar lágmarkssamstæðu leigulína.

Framkvæmdastjórnin hefur, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 92/44/EBE, lagt fyrir nefndina um frjálstan netaðgang drög að ákvörðun til umsagnar í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr. tilskipunar 90/387/EBE.

Breytingin á II. viðauka við tilskipun 92/44/EBE, sem er samþykkt í þessari ákvörðun, er í samræmi við álit nefndarinnar um frjálstan netaðgang sam var lagt fram 27. apríl 1994.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað II. viðauka við tilskipun 92/44/EBE.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari ákvörðun innan tveggja mánaða frá þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. júní 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 181, 15. 7. 1994, bls. 40, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 165, 19. 6. 1992, bls. 27.

(2) Stjtið. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 1.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

SKILGREINING Á LÁGMARKSSAMSTÆÐU LEIGULÍNA MEÐ SAMHÆFÐA TÆKNILEGA EIGINLEIKA, SAMANBER 7. GR.

Gerð leigulínu	Tæknilegir eiginleikar ⁽¹⁾	
	Skilflata-forskriftir	Tengingar- og skilaforskriftir
Venjuleg bandbreidd fyrir gæðatal	2ja eða 4ra víra hliðstæða	ITU-T M.1040
Sérstök bandbreidd fyrir gæðatal	2ja eða 4ra víra hliðstæða	ITU-T M.1020/M.1025
64 kílóbita/s stafræn ⁽²⁾	ETS 300 288 ⁽³⁾	ETS 300 289 ⁽⁴⁾
2048 kílóbita/s stafræn óskipuleg ⁽⁵⁾	ETS 300 246 ⁽⁶⁾	ETS 300 247 ⁽⁷⁾
2048 kílóbita/s stafræn skipuleg	ITU-T G.703 og G.704 (að 5. þætti undanskildum) ⁽⁸⁾	Viðeigandi ITU-T tilmæli í G. 800 röðinni Eftirlit í rekstri ⁽⁹⁾

- (¹) Tilvísun í ITU-T-tilmælin á við 1988 útgáfuna. Farið hefur verið fram á að Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) haldi áfram vinnu við staðla fyrir leigulínur.
- (²) Skilyrðum um tengingu notendabúnaðar sem á að tengja við þessar leigulínur er lýst í 14. sameiginlegu tæknilegu reglugerðinni (CTR 14).
- (³) Fram til 31. desember 1996 má bjóða fram leigulínur í samræmi við ITU-T G.703 í stað ETS 300 288. Á meðan millibilsástand varir, eða fram yfir 31. desember 1996, má bjóða fram leigulínur með því að nota aðra skilfleti sem grundvallast á X 21 eða X 21 o. áfr. í stað evrópska fjarskiptastaðalsins (ETS) 300 288.
- (⁴) Fram til 31. desember 1996 má bjóða fram leigulínur í samræmi við viðeigandi ITU-T tilmæli í G.800 röðinni í stað evrópska fjarskiptastaðalsins (ETS) 300 289.
- (⁵) Skilyrðum um tengingu notendabúnaðar sem á að tengja við þessar leigulínur er lýst í 12. sameiginlegu tæknilegu reglugerðinni (CTR 12).
- (⁶) Fram til 31. desember 1996 má bjóða fram leigulínur í samræmi við ITU-T G.703 í stað evrópska fjarskiptastaðalsins (ETS) 300 246.
- (⁷) Fram til 31. desember 1996 má bjóða fram leigulínur í samræmi við viðeigandi ITU-T tilmæli í G.800 röðinni í stað evrópska fjarskiptastaðalsins (ETS) 300 247.
- (⁸) Með endurteknu umfremisefirliti (cyclic redundancy checking) samkvæmt ITU-T G.706.
- (⁹) Fjarskiptafyrirtækin geta auðveldað sér viðhaldsvinnuna með því að taka upp eftirlit í rekstri.

Hvað varðar framangreindar gerðir leigulína eru í forskriftunum sem vísað er til nettengipunktur (NTP) einnig skilgreindir samkvæmt skilgreiningunni sem er gefin í 2. gr. tilskipunar 90/387/EBE.”

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

94/EES/53/04

nr. 28/94
frá 2. desember 1994

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 94/C 48/01 frá 7. febrúar 1994 um altækar meginreglur varðandi þjónustu á fjarskiptasviðinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ályktun ráðsins 94/C 48/02 frá 7. febrúar 1994 um þróun pósthjónustu bandalagsins⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ályktun ráðsins 94/C 181/01 frá 20. júní 1994 um að samræma upplýsingaskipti milli stjórnsýslustofnana⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDID EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi ný undirfyrirsögn bætist við á undan 6. lið (ályktun ráðsins 88/C 257/01) í XI. viðauka við samninginn á eftir upphafssetningunni:

„Fjarskiptaþjónusta“.

2. gr.

Eftirfarandi nýir liðir og undirfyrirsagnir komi aftan við 25. lið (ályktun ráðsins frá 7. desember 1993) í XI. viðauka við samninginn:

„26. **394 Y 0216(01)**: Ályktun ráðsins 94/C 48/01 frá 7. febrúar 1994 um altækar meginreglur varðandi þjónustu á fjarskiptasviðinu (Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 1).

Póstþjónusta

27. **394 Y 0216(02)**: Ályktun ráðsins 94/C 48/02 frá 7. febrúar 1994 um þróun pósthjónustu bandalagsins (Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 3).

Upplýsingaþjónusta

28. **394 Y 0702(01)**: Ályktun ráðsins 94/C 181/01 frá 20. júní 1994 um að samræma upplýsingaskipti milli stjórnsýslustofnana (Stjtið. EB nr. C 181, 2. 7. 1994, bls. 1).“.

3. gr.

Fullgiltur texti ályktana ráðsins 94/C 48/01, 94/C 48/02 og 94/C 181/01 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(¹) Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 1.

(³) Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 3.

(⁴) Stjtið. EB nr. C 181, 2. 7. 1994, bls. 1.

ÁLYKTUN RÁÐSINS
frá 7. febrúar 1994
um altækar meginreglur varðandi þjónustu á fjarskiptasviðinu(*)

(94/C 48/01)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með ályktun ráðsins frá 22. júlí 1993, um endurskoðun aðstæðna á fjarskiptasviðinu og þörfina á frekari þróun þess markaðar (¹), var það sett sem meginmarkmið fjarskiptastefnu bandalagsins að öllum höftum yrði aflétt af opinberri talsímaþjónustu jafnframt því sem haldið yrði áfram að bjóða altæka þjónustu.

Mikilvægi altæku þjónustunnar var viðurkennt í ályktun Evrópuþingsins um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 1992 sem bar yfirskriftina „1992 yfirlit yfir ástandið á sviði fjarskiptaþjónustu” og í ályktun Evrópuþingsins um orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 1992 sem bar yfirskriftina „Taxtar er grundvallast á kostnaðarverði og aðlögun taxta - fjarskiptagjöld í bandalaginu” og með álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar um yfirlit yfir fjarskiptaþjónustuna frá árinu 1992.

Með þessari ályktun er stuðlað að því að unnt verði að ná því markmiði að koma á altækri þjónustu á samkeppnisgrundvelli og að samræma smám saman gjaldskrár, með því að kveða á um úr hvaða meginþáttum altæk þjónusta á vettvangi bandalagsins er mynduð og með því að gefa leiðbeiningar um meginreglurnar sem á að beita til að fjármagna altæku þjónustuna.

Þegar ákveðið er hvernig eigi að tryggja framboð á altækri þjónustu verða innlend eftirlitsyfirvöld að taka tilhlýðilegt tillit til þess að í mörgum tilvikum ganga markaðsöflin út frá því að

slík þjónustustarfsemi byggist á viðskiptalegum grundvelli, án frekari milligöngu.

Í mörgum tilvikum er unnt að ganga út frá því að rekstraraðilar á markaðinum veiti grunnþjónustu til viðskiptavina sem þeir hefðu að öðrum kosti ekki fjárhagslegt bolmagn til að þjóna. Í þessu ákveðna tilviki er einkum um það að ræða að veita grunntalsímaþjónustu á viðráðanlegu verði til allra viðskiptavina sem fara fram á að fá hana með réttmætum hætti.

Þar sem einungis er hægt, samkvæmt skuldbindingum um að veita altæka þjónustu, að reka grunntalsímaþjónustu með tapi eða við kostnaðarskilyrði sem falla utan venjulegra viðskiptastaðla, má fjármagna þá þjónustu, þegar réttlætandi er og viðurkennt af innlendu eftirlitsyfirvaldi, með millifærslum innan kerfisins, aðgangsgjöldum eða öðrum úrræðum þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til meginreglnanna um gagnsæi, jafnræði og hlutfall, jafnframt því sem tryggt er að farið sé að samkeppnisreglum til að léttu réttlátlega þá byrði sem felst í því að veita altæka þjónustu.

Innlend eftirlitsyfirvöld geta, innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í lögum bandalagsins, lagt á frekari skyldur með það í huga að aðlaga altæku þjónustuna að sérstökum innlendum aðstæðum, svo sem borgar- og héraðsskipulagi og kröfum netkerfa með takmörkuðu rekstrarsvæði, að því tilskildu að hægt sé að uppfylla slíkar skyldur með viðráðanlegum hætti.

Hugtakið altæk þjónusta verður að mótast með tilliti til framfara á sviði efnahags- og tæknimála.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjtið. EB nr. C 213, 6. 8. 1993, bls. 1.

GERIR SÉR LJÓST:

að með tilliti til ákvæða um frjálstan aðgang að netum koma í eftirfarandi gerðum bandalagsins fram sumir þeirra þátta sem á að nota sem grunn fyrir skilgreiningu á altækri þjónustu, án þess að lagalegu gildi slíkra gerða sé breytt eða skuldbindingum aðildarríkjanna er af þeim leiða:

- tilskipun ráðsins 90/387/EBE frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum ⁽¹⁾,
- tilskipun ráðsins 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um notkunarskilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur ⁽²⁾,
- sameiginleg afstaða samþykkt af ráðinu 30. júní 1993 um tillögu að tilskipun ráðsins um að beita ákvæði um frjálstan aðgang að netum við talsíma,
- tilmæli ráðsins 92/382/EBE frá 5. júní 1992 um samhæft framboð á lágmarkssamstæðu pakkaskiptrar gagnaflytninguþjónustu (PSDS) í samræmi við meginreglur um frjálstan aðgang að netum (ONP) ⁽³⁾,
- tilmæli ráðsins 92/383/EBE frá 5. júní 1992 um að taka í notkun samhæft aðgangsfyrirkomulag fyrir stafrænt samþætt þjónustunet (ISDN) og lágmarkssamstæðu af ISDN-tilboðum í samræmi við meginreglurnar um frjálstan aðgang að netum (ONP) ⁽⁴⁾,

og að nauðsynlegt er að kanna þessa þætti nánar og, ef með þarf, aðlaga þá svo að hægt sé að taka mið af samkeppnisumhverfi í framtíðinni og þeirri reynslu sem hefur fengist;

VIÐURKENNIR:

- a) að það er lykilorðið fyrir framtíðarþróun fjarskipta í bandalaginu að altækri fjarskiptaþjónustu sé við haldið og hún fái að þróast, enda sé nægilegt fjármagn tryggt;
- b) að meginreglurnar um algildi, jafnræði og samfellu eru grundvöllurinn fyrir því að með slíkri þjónusta sé unnt að veita öllum notendum alls staðar aðgang að skilgreindri lágmarksþjónustu af tilteknum gæðum og, í ljósi sérstakra aðstæðna innanlands, á viðráðanlegu verði;
- c) að nauðsynlegt er að hafa sameiginlegar meginreglur um framboð á altækri þjónustu til að unnt sé að mynda réttlátt eftirlitsumhverfi í jafnvægi alls staðar í bandalaginu samhliða því sem tekið er tillit til sérstakra innlendra aðstæðna varðandi eftirlit og markaðsaðstæður;

- d) að það ætti að vera unnt að veita sérstaka og miðaða altæka þjónustu af félagslegum ástæðum;
- e) að til að efla fjarskiptaþjónustu í öllu bandalaginu þarf að tryggja samtengingu opinberra neta og, í framtíðinni samkeppnisumhverfi, samtengingu á milli rekstraraðila innanlands og í bandalaginu;
- f) að þar sem einungis er hægt, samkvæmt skuldbindingum um að veita altæka þjónustu, að reka grunntalsímþjónustu með tapi eða við kostnaðarskilyrði sem falla utan venjulegra viðskiptastaðla, má fjármagna þá þjónustu, þegar réttlætandi er og viðurkennt af innlendu eftirlitsyfirlaldi, með millifærslum innan kerfisins, aðgangsgjöldum eða öðrum úrræðum þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til meginreglnanna um gagnsæi, jafnræði og hlutfall, jafnframt því sem tryggt er að farið sé að samkeppnisreglum til að léttu réttlátlega þá byrði sem felst í því að veita altæka þjónustu;
- g) að með það í huga að halda við og þróa altæka fjarskiptaþjónustu verður tekið mið af sérstökum aðstæðum á jaðarsvæðum með vanþróaðri netkerfi og mjög litlum netkerfum og því hlutverki sem viðeigandi stuðningskerfi bandalagsins getur gegnt með tilliti innlendra forgangsröðunar;
- h) að hugtakið altæk þjónusta verður að mótast með tilliti til framfara á sviði tæknimála, markaðsmála og breytinga á kröfum notenda;

FAGNAR:

þeirri fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar að tekið verði fullt tillit til kröfunnar um altæka þjónustu við undirbúning í framtíðinni á reglugerðarramma fyrir fjarskiptasviðið, einkum með því að beita og aðlaga meginreglurnar um frjálstan aðgang að netum;

HVETUR aðildarríkin til:

að koma á og viðhalda viðeigandi reglugerðarramma og setja viðeigandi markmið, í samræmi við stefnumið og meginreglur sem eru settar fram í þessari ályktun og við lög bandalagsins, einkum samkeppnisreglur, til að tryggja, í ljósi sérstakra innlendra aðstæðna, þar á meðal borgar- og héraðsskipulags og krafna netkerfa með takmarkað rekstrarsvæði, að altæk þjónusta verði veitt á öllu yfirráðasvæði þeirra;

⁽¹⁾ Stjttfð. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttfð. EB nr. L 65, 19. 6. 1992, bls. 27.

⁽³⁾ Stjttfð. EB nr. L 200, 18. 7. 1992, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjttfð. EB nr. L 200, 18. 7. 1992, bls. 10.

HVETUR framkvæmdastjórnina til:

- a) að rannsaka og ráðfæra sig, einkum við innlend eftirlitsyfirkvöld, um málefni sem koma upp við skilgreiningu á altækri þjónustu og fjármögnunarleiðir hennar, þar sem tekið er sérstakt tillit til þess að þörf er á aðlögun á jaðarsvæðum með vanþróaðri netkerfi;
- b) að rannsaka í samráði við aðildarríkin taxtareglur, bókhaldsreglur og yfirfærslur með það í huga að auðvelda gerð innlendra aðlögunaráætlaða;
- c) að semja sameiginlegar gjaldtökureglur, í nánu samráði við nefndir háttskipaðra innlendra eftirlitsyfirkvalda;
- d) að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um þetta málefni eigi síðar en 1. janúar 1996.

ÁLYKTUN RÁÐSINS
frá 7. febrúar 1994
um þróun pósthjónustu bandalagsins(*)

(94/C 48/02)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af grænbókinni frá 30. júní 1987 um þróun hins óskipta markaðar á sviði pósthjónustu, sem var birt 11. júní 1992⁽¹⁾,

með hliðsjón af orðsendingunni frá framkvæmdastjórninni um leiðbeiningar varðandi þróun pósthjónustu bandalagsins⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæði sáttmálans varðandi frelsi til að veita þjónustu ná til pósthjónustunnar.

Í grænbókinni og framangreindri orðsendingu er tilgreint hvaða þættir pósthjónustunnar koma til kasta bandalagsins.

Með þessa þætti í huga virðist sem gera þurfi átak á vegum bandalagsins til að bæta skilvirkni og gæði pósthjónustunnar.

Framkvæmdastjórnin hefur hafið samráð á breiðum grundvelli og fengið undirtektir hjá hagsmunaaðilum á sviði pósthjónustu.

Nauðsynlegt er að ákveða meginmarkmiðin í tengslum við þróun pósthjónustunnar í bandalaginu, í samræmi við sáttmálann.

STYÐUR almenna viðhorfið sem fram kemur í grænbók framkvæmdastjórnarinnar um þróun hins óskipta markaðar fyrir pósthjónustuna;

TEKUR MIÐ AF viðræðunum sem fram fóru á milli hagsmunaaðila og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar sem kom í kjölfarið um leiðbeiningar varðandi þróun pósthjónustu bandalagsins, en skoða þarf nánar tiltekin atriði sem þær taka til með það í huga að ná alhliða samkomulagi;

ÁRÉTTAR að pólitískt samkomulag með fullri þátttöku bæði Evrópuþingsins og ráðsins er besta leiðin til að stuðla að því að framtíðarstefna bandalagsins á sviði pósthjónustu komist til framkvæmda;

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtfð. EB nr. C 48, 16. 2. 1994, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptahjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Sbr. COM(91) 476 lokaútgáfa.

(2) Sbr. COM(93) 247 lokaútgáfa.

LÝSIR ÞVÍ YFIR AÐ STEFNA BERI AÐ EFTIRFARANDI
MEGINMARKMIÐUM AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÞRÓUN
PÓSTÞJÓNUSTUNNAR INNAN BANDALAGSINS:

- að skilgreina á vettvangi bandalagsins altæka þjónustu sem verður lágmarksframboð gæðahjónustu sem skal veita í hverju aðildarríki um sig á sanngjörnu verði fyrir alla notendur þar sem aðgangur að altæku þjónustunni er án mismununar,
- að tryggja efnahagslegan og fjárhagslegan ávinning af þjónustustarfseminni sem altæka þjónustan samanstendur af á sanngjörnu verði fyrir alla, með því að skilgreina svið með viðeigandi víddum sem má taka frá fyrir aðila sem veita altæka þjónustu samkvæmt hlutfallsreglunni,
- að samstillja, í samræmi við markmiðin sem eru sett hér að framan, reglur sáttmálans og hagsmuni notenda, framgang þess markmiðs að höftum verði aflétt af pósthjónustunni smám saman og undir stjórn samhliða því að tryggt sé að altæka þjónustan sé veitt til frambúðar,
- að samdir verði gæðastaðlar vegna þeirrar þjónustustarfsemi sem altæka þjónustan samanstendur af, þar sem haft verði óháð eftirlit með gæðum þjónustunnar og niðurstöður þess birtar. Staðlana verður að setja á innanlandsvettvangi af innlendum eftirlitsyfyrvöldum og verða þeir að vera í samræmi við staðla sem ráðið mæli fyrir um á vettvangi bandalagsins vegna innanbandalagsþjónustu á vegum altæku þjónustunnar, enda endurspegli slíkir staðlar, að teknu tilliti til innlendra aðstæðna, ákveðið gæðastig sem stöðugt skal leitast við að bæta, að því er varðar alþjóðleg samskipti skal fylgja sambærilegri stefnu í samvinnu við þriðju lönd,
- að setja reglur um gjaldheimtu fyrir altæku þjónustuna sem byggjast á raunverulegum kostnaði og tryggja að þeim sé beitt og að allar niðurgreiðslur sem eru taldar nauðsynlegar séu gagnsæjar, hvað varðar markmið, umfang og gildissvið og að tryggt sé að þær samræmist lögum bandalagsins,
- að koma á gjaldheimtukerfi sem miðast við raunverulegan kostnað og gæði, að teknu tilliti til aðstæðna innanlands jafnhliða því sem aðilum að altæku þjónustunni er veitt

trygging gegn viðskiptasveiflum sem má rekja til misnotkunar á því kerfi og gera ráðstafanir til að koma á viðeigandi bráðabirgðafyrirkomulagi,

- stuðla að samhæfingu á tæknilegum stöðlum þar sem tekið er tillit til hagsmuna notenda,
- að tryggja að réttlát samkeppnisskilyrði ríki utan við frátekna sviðið gagnkvæmt á milli aðila að altæku þjónustustarfseminni og á milli þeirra og annarra rekstraraðila,
- að greina á milli eftirlits- og framkvæmdavalds í aðildarríkjunum,
- að tryggja þarfir notenda, þar með talið neytenda, hagsmuni launþega innan pósthjónustunnar jafnframt því sem tekið skal tillit til framlags pósthjónustunnar til efnahagslegrar, menningarlegrar og félagslegrar þróunar í bandalaginu, þegar reglur eru settar á þessu sviði,
- að tekið sé tillit til markmiða um samstillingu innan bandalagsins og einkum sérstakra vandkvæða á jaðarsvæðum þegar ráðstafanir eru gerðar á þessu sviði;

HVETUR FRAMKVÆMDASTJÓRNINA:

- til að leggja fyrir ráðið, fyrir 1. júlí 1994, ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að koma markmiðunum sem eru sett hér að framan til framkvæmda með það í huga að stefna bandalagsins um pósthjónustu komist án tafar í framkvæmd, einkum ráðstafanir:
 - sem fela í sér skilgreiningu á altæku þjónustunni, þar sem skuldbindingar aðila að altæku þjónustunni eru skilgreindar og einnig þjónustustarfsemi sem gæti verið frátekin,
 - er varða gæði altæku innanbandalagsþjónustunnar,
 - er varða tæknilega stöðlun,

- til að byggja tillögur sínar um frekara eftirlit með pósthjónustunni á ráðstöfunum sem eru gagnsæjar, einfaldar og auðveldar í notkun, til að tryggja eins góð skilyrði og hægt er við eftirlit og framkvæmd,

- til að leggja sitt af mörkum, á grundvelli yfirstandandi málsmeðferðar og í samvinnu við aðildarríkin, við skilgreiningu á skýrum ramma sem nýtt gjaldheimtakerfi skal starfa eftir, að teknu tilliti til þess að tryggja þarf fullnægjandi vernd gegn viðskiptasveiflum sem má rekja til misnotkunar og að senda ráðinu fyrir 1. mars 1994 upplýsingar um frekari aðgerðir sem gætu reynst nauðsynlegar á þessu sviði;

HVETUR AÐILDARRÍKIN:

- til að styðja meginmarkmiðin sem sett eru hér að framan,
- til að starfa í samvinnu við framkvæmdastjórnina, einkum innan nefndar háttsettra embættismanna um málefni pósthjónustunnar (SOGP) og nefndar háttsettra innlendra eftirlitsyfirvalda, til framkvæmdar á stefnu bandalagsins á sviði pósthjónustu í samræmi við framangreind meginstefnumið,
- til að leiða, í tengslum við innlenda aðila að altæku þjónustunni, viðeigandi viðræður svo að hægt sé að koma sér saman um nýtt gjaldheimtakerfi, auk þess sem gerðar eru ráðstafanir til að tryggja samræmi við önnur kerfi.

ÁLYKTUN RÁÐSINS
frá 20. júní 1994
um að samræma upplýsingaskipti milli stjórnsýslustofnana(*)

(94/C 181/01)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

sem hefur hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

sem hefur hliðsjón af ályktun ráðsins frá 7. desember 1992 um framkvæmd innri markaðarins ⁽¹⁾,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um samevrópskt gagnanet milli stjórnsýslustofnana og tillögum þar að lútandi,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins sem ber yfirskriftina „Efling innri markaðarins” og meðfylgjandi vinnuskjali,

sem hefur hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um þróun samvinnu á sviði stjórnsýslu við framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins á innri markaðinum,

og tekur tillit til eftirfarandi:

Í ályktun sinni frá 31. mars 1992 fór ráðið þess á leit að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin samræmdu aðgerðir sem geta haft afgerandi þýðingu á uppsetningu og mótun samevrópskra netkerfa.

Með stóraukinni þörf fyrir samvinnu á sviði stjórnsýslu er nauðsynlegt að tekin verði í notkun áreiðanleg og skilvirk kerfi til að miðla upplýsingum á milli stjórnsýslustofnana.

Unnt er að nota fjar- og gagnaskiptakerfi sem eru í samræmi við sameiginlega viðurkennda staðla sem grundvöll að víðtækari upplýsingaskiptum, að því tilskildu að allar einingarnar sem kerfin eru mynduð úr uppfylli sameiginlegar forskriftir um rekstrarsamhæfni.

Viðkomandi stjórnsýslustofnunum ber að vinna saman að því að skapa sameiginlegan ramma fyrir framtíðarmótun kerfa sem eru notuð til fjarog gagnaskipta milli stjórnsýslustofnana sem tengjast rekstri bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttð. EB nr. C 181, 2. 7. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttð. EB nr. C 334, 18. 12. 1992, bls. 1.

Kveða ber á um skilyrði og hliðarráðstafanir sem gera kleift að koma fyrirhuguðum ráðstöfunum til framkvæmda með samræmdum hætti.

VIÐURKENNIR AÐ:

1. viss þörf er á að samræma vinnu allra hlutaðeigandi aðila við uppsetningu og rekstur kerfa til fjar- og gagnaskipta milli stjórnsýslustofnana til að styrkja samvinnu á sviði stjórnsýslu í bandalaginu og tryggja skilvirkni og rekstrarsamhæfni þessara kerfa;
2. komast þarf hjá skörun og tryggja verður að búnaður sem er fyrir hendi sé nýttur á sem hagstæðastan hátt, til að mynda með því að nýta hagkvæmstu kostnaðarleiðirnar til að fullnægja þörfinni fyrir upplýsingaskipti milli stjórnsýslustofnana;
3. nauðsynlegt er að bandalagið hafi yfir að ráða skilvirkum tækjum og handhægum aðferðum til að ná markmiðum sínum og koma stefnu sinni í framkvæmd;
4. ákveða þarf hliðarráðstafanir til að tryggja áreiðanleg upplýsingaskipti milli stjórnsýslustofnana, má þar nefna ráðstafanir til að vernda upplýsingar og til að vernda einstaklinga í tengslum við meðferð persónuupplýsinga;

ÁLÍTUR AÐ STEFNA BERI AÐ EFTIRFARANDI MARKMIÐUM:

5. samræma þarf allar aðgerðir er miða að því að setja upp og reka fjar- og gagnaskiptakerfi milli stjórnsýslustofnana, bæði á vettvangi bandalagsins og innanlands;
6. kveða þarf á um sameiginlegan ramma, sem er í samræmi við viðeigandi alþjóðlega eða evrópska staðla, um framtíðarmótun kerfa sem eru notuð til fjar- og gagnaskipta milli stjórnsýslustofnana;
7. á tilteknum sviðum, þar sem sýnt er að um raunverulega þörf er að ræða, verður smám saman að setja upp skilvirk fjar- og gagnaskiptakerfi milli stjórnsýslustofnana sem tengjast rekstri bandalagsins;

FER ÞESS Á LEIT VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA OG AÐILDARRÍKIN AÐ ÞAU:

8. grípi til aðgerða, á viðeigandi stigi og í samræmi við dreifráðisregluna, er tryggi árangursríka samræmingu milli aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og annarra stofnana bandalagsins og, á þeirra eigin ábyrgð, innan hvernar þeirra um sig. Samræmingin verður að taka til allra þátta framkvæmdarinnar, allt frá forrannsókn og til þess er fjar- og gagnaskiptakerfi milli stjórnsýslustofnana eru komin í gagnid;
9. stuðli að og auðveldi samskipti og góða samvinnu milli allra þeirra sem koma nærri því verkefni að setja upp og reka fjar- og gagnaskiptakerfi sem hafa það hlutverk að stuðla að því að ná fram markmiðum Evrópubandalagsins og koma stefnu þess til framkvæmda;
10. fylgist reglulega með framkvæmd þeirra aðgerða sem um getur í 8. og 9. lið, og leggi sérstaka áherslu á að meta, sannprófa og ganga úr skugga um að þau úrræði sem standa til boða séu arðbær;

11. komi með tillögur um ákvæði til að vernda einstaklinga hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga þannig að unnt sé að viðhalda trausti borgaranna;

FER ÞESS Á LEIT AÐ AÐRAR STOFNANIR, AÐILAR OG UMBOÐSMENN BANDALAGSINS:

12. eftir atvikum, taki þátt í og leggi sitt af mörkum við framkvæmdir sem miða að því að taka upp samræmd fjar- og gagnaskiptakerfi milli stjórnsýslustofnana;

FER ÞESS Á LEIT AÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNIN:

13. leggi fyrir ráðið, á tveggja ára fresti og í fyrsta sinn árið 1996, skýrslu um framkvæmd þessarar ályktunar ásamt, ef með þarf, viðeigandi tillögum;

SAMÞYKKIR AÐ:

14. leggja sérstaka áherslu á að kanna allar hugmyndir sem framkvæmdastjórnin leggur til á þeim sviðum sem vald hennar nær til.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

94/EES/53/05

nr. 29/94
frá 2. desember 1994

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

Með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB frá 8. júní 1994 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/143/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna sem eru tengdir við þau, með það í huga að setja lágmarksstaðla um prófun á hemlakerfum ökutækis⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir 16. lið í XIII. viðauka við samninginn (tilskipun ráðsins 77/143/EBE) á undan aðlöguninni:

„- **394 L 0023:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB frá 8. júní 1994 (Stjtið. EB nr. L 147, 14. 6. 1994, bls. 6).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/23/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 2. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

H. Hafstein

(¹) Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(²) Stjtið. EB nr. L 147, 14. 6. 1994, bls. 6.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/23/EB frá 8. júní 1994

um breytingu á tilskipun ráðsins 77/143/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna sem eru tengdir við þau, með það í huga að setja lágmarksstaðla um prófun á hemlakerfum ökutækis(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 77/143/EBE frá 29. desember 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna sem eru tengdir við þau ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/55/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 5. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 71/320/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hemlabúnað á vissum tegundum vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/422/EBE ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 77/143/EBE er kveðið á um reglubundna prófun á aksturshæfni allra tegunda ökutækja sem getið er í I. viðauka við þá tilskipun.

Í þeirri tilskipun er kveðið á um að ráðið skuli samþykka sérstakar tilskipanir sem eru nauðsynlegar til að skilgreina lágmarksstaðla og aðferðir við prófanir á þeim atriðum sem eru tilgreind í II. viðauka við hana og um að komið skuli á fót nefnd framkvæmdastjórninni til ráðgjafar áður en hún samþykkir breytingar sem eru nauðsynlegar til að laga að tæknilegum framförum staðla og aðferðir sem eru skilgreindar í sérstökum tilskipunum.

Í tilskipun 77/143/EBE, eins og henni var einkum breytt með tilskipun ráðsins 92/54/EBE ⁽⁵⁾, eru skilgreindir lágmarksstaðlar um prófun á hemlakerfum ökutækja.

Nauðsynlegt er að laga þessa staðla að tæknilegum framförum svo að þeir taki einnig til lágmarkskrafna um hemlavirkni, til að tryggja, eftir því sem unnt er, að hemlavirkni ökutækja í notkun sé áreiðanleg.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 147, 14. 6. 1994, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 47, 18. 2. 1977, bls. 47.

(2) Stjttíð. EB nr. L 225, 10. 8. 1992, bls. 68.

(3) Stjttíð. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 37.

(4) Stjttíð. EB nr. L 223, 22. 8. 1991, bls. 21.

(5) Stjttíð. EB nr. L 225, 10. 8. 1992, bls. 63.

Þar til teknar verða upp samhæfðar prófunaraðferðir og reglur geta aðildarríkin sjálf ákveðið hvaða aðferðir eru notaðar til að skera úr um hvort hlutaðeigandi ökutæki uppfylla hemlunarkröfur.

Allir sem koma nálægt prófun ökutækja vita að prófunaraðferð og það hvort ökutæki sem á að prófa er hlaðið, hlaðið að hluta eða óhlaðið, hefur áhrif á hvernig prófunaraðilar skera úr um aksturshæfni með tilliti til hemlunar.

Með því að setja forskrift að viðmiðunargildum hemlunarkrafts við ýmis hleðsluskilyrði fyrir hverja gerð ökutækis ætti trú manna á þessum prófunum að aukast. Þessi tilskipun gerir kleift að prófa eftir þessu fyrirkomulagi í stað þess að miða prófið við lágmarksafkastagildi fyrir hvern flokk ökutækja.

Fyrirhugað er að breyta þessari tilskipun enn frekar og mæla fyrir um samhæfðar og bætтар prófunaraðferðir.

Þessi tilskipun tekur aðallega til ökutækja sem hafa verið gerðarprófuð samkvæmt ákvæðum tilskipunar 71/320/EBE þótt viðurkennt sé að tilteknar gerðir ökutækja hafi verið viðurkenndar samkvæmt innlendum stöðlum sem geta vikið frá kröfum þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta sett eigin staðla um prófanir á hemlunarvirkni ökutækja sem hafa sögulegt gildi.

Þótt aðildarríkin öðlist rétt til að setja eigin staðla vegna ökutækja sem hafa sögulegt gildi skal ekki gera meiri kröfur með stöðlunum en þær sem ökutækinu var upphaflega gert að uppfylla.

Með hliðsjón af þeim áhrifum sem slík aðlögun hefur á þessu sviði verður að telja ráðstafanir bandalagsins sem kveðið er á um í þessari tilskipun nauðsynlegar til að unnt sé að ná settum markmiðum, nánar tiltekið samhæfingu á vettvangi bandalagsins á reglum um prófun á aksturshæfni og bættu umferðaröryggi. Aðildarríkin geta ekki ein og sér náð þessum markmiðum á fullnægjandi hátt.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar er sér um að breyta, í samræmi við tækniröfur, tilskipuninni um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja en henni var komið á fót samkvæmt 5. gr. b í tilskipun 77/143/EBE.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka tilskipunar 77/143/EBE:

„Atriði sem á að athuga/prófa**Stóðst ekki athugun/prófun vegna þess að:**

1.2.1. Afköst

(aukin smám saman
að hámarksafköstum)

- hemlunaráttak var ófullnægjandi á einu eða fleiri
hjólum

- hemlunaráttak hjóls er minna en 70% af skráðu
hámarksátaki á annað hjól á sama ási. Ökutækis
rásar of mikið við hemlun á vegi

- hemlunaráttak stigmagnast ekki (grip)

- hemlar hjóls eru of lengi að taka við sér

- hemlunaráttak er ójafnt sökum aflagaðra diska
eða sporöskjulagaðra skála

1.2.2. Skilvirkni

- hemlunarhlutfall miðað við leyfilegan
hámarks massa eða, ef um er að ræða festivagna,
summu leyfilegrar áshleðslu, skal ef mögulegt
er, vera lægra en eftirfarandi:

- Lágmarkshemlunarvirkni

- 1. flokkur: 50% ⁽¹⁾

- 2. flokkur: 43% ⁽²⁾

- 3. flokkur: 40% ⁽³⁾

- 4. flokkur: 50%

- 5. flokkur: 45% ⁽⁴⁾

- 6. flokkur: 50%

- eða hemlunaráttak er minna en viðmiðunargildin
sem framleiðandi ökutækisins tilgreinir vegna
ása ökutækisins⁽⁵⁾

1.3.2. Skilvirkni

- fyrir alla flokka ökutækja, hemlunarhlutfall er
minna en 50%⁽⁶⁾ af afköstum aksturshemils
samkvæmt skilgreiningu í lið 1.2.2 miðað við
leyfilegan hámarks massa eða, ef um er að ræða
festivagna, summu leyfilegrar áshleðslu

⁽¹⁾ 48% fyrir ökutæki í 1. flokki sem hafa ekki ABS, eða verið gerðarviðurkennd fyrir 1. október 1991 (frá og með þeim degi var bannað að taka í notkun án evrópskrar gerðarviðurkenningar íhluta) (tilskipun 88/194/EBE (Stjttúð. EB nr. L 92, 9. 4. 1988, bls. 47)).

⁽²⁾ 45% fyrir ökutæki sem voru skráð eftir 1988 eða frá þeim degi sem gerðarviðurkenningartilskipunin 71/320/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 85/647/EBE (Stjttúð. EB nr. L 380, 31. 12. 1985, bls. 1), var tekin upp í innlenda löggjöf aðildarríkjanna, síðari dagsetningin skal gilda.

⁽³⁾ 43% fyrir festivagna og tengivagna sem voru skráðir eftir 1988 eða frá þeim degi sem gerðarviðurkenningartilskipunin 71/320/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 85/647/EBE, var tekin upp í innlenda löggjöf aðildarríkjanna, síðari dagsetningin skal gilda.

⁽⁴⁾ 50% fyrir ökutæki í 5. flokki sem voru skráð eftir 1988 eða frá þeim degi sem gerðarviðurkenningartilskipunin 71/320/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 85/647/EBE, var tekin upp í innlenda löggjöf aðildarríkjanna, síðari dagsetningin skal gilda.

⁽⁵⁾ Viðmiðunargildi fyrir ás ökutækisins er það hemlunaráttak (tilgreint í nýtonum) sem er nauðsynlegt til að ná tilgreindum lágmarkshemlunarkrafti miðað við þá þyngd ökutækis sem prófað er við.

⁽⁶⁾ Lágmarksafköst neyðarhema ökutækja í 2. og 5. flokki skal vera 2,2 m/s² (þar sem tilskipun 85/647/EBE tekur ekki til afkasta neyðarhema).

1.4.2. Skilvirkni

- fyrir alla flokka ökutækja, hemlunarhlutfall er minna en 16% miðað við leyfilegan hámarks-
massa, eða, fyrir vélknúin ökutæki, minna en
12% miðað við leyfilegan samanlagðan
hámarks massa ökutækis, hvort sem reynist
hærra.”

2. gr.

Aðildarríkin skulu beita viðeigandi málsmeðferð til að ganga úr skugga um, eftir því sem unnt er, að hemlunarafköst ökutækja sem eru skráð á yfirlýðingum þeirra séu í samræmi við kröfur sem eru tilgreindar í tilskipun 77/143/EBE.

3. gr.

Aðildarríkin geta krafist hærra gilda fyrir lágmarkshemlunarvirkni og ákveðið prófanir með meiri hleðslu en tilgreint er í II. viðauka fyrir ökutæki sem eru skráð á yfirlýðingum þeirra, að því tilskildu að þessar kröfur séu ekki meiri en farið var fram á við upphaflega gerðarviðurkenningu ökutækisins.

4. gr.

Aðildarríkin geta, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, sett eigin prófunarstaðla varðandi hemlunarvirkni fyrir ökutæki sem hafa sögulegt gildi.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórnin þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Þessi tilskipun öðlast gildi á 20. degi frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 8. júní 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Marcelino OREJA

framkvæmdastjóri